



ÁRSREIKNINGUR 2013
Sparisjóður Norðfarðar

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 19

Sparisjóður Norðfjarðar ses
Kennitala 610269-7029
Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Norðfjarðar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Reikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Hagnaður nam 70,2 millj. kr. fyrir skatta og lögbundið 5% framlag til samfélagslegra verkefna. Framlag til samfélagslegra verkefna nam 3,5 millj. kr., skattar 14,8 millj. kr. og hagnaður ársins eftir skatta 51,9 millj. kr. Bókfært eigið fé 31.12 2013 nam 649,5 millj. kr. og eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 19,25%, en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%.

Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins á árinu 2010 gerði Fjármálaeftirlitið kröfu um að eiginfjárlutfall sjóðsins yrði að lágmarki 16,0%. Fjármálaeftirlitið hefur nú metið eiginfjárlögfærslu sparisjóðsins út frá svokölluðu SREP ferli og er eiginfjárlutfallið 16,9%.

Á árinu störfuðu 7,3 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum í 6,7 stöðugildum og námu laun og launatengd gjöld samtals 67,4 millj. kr. en beinar launagreiðslur samtals 50,6 millj.kr.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 625,8 millj. kr. og skiptast stofnfjárlutirnir á 86 aðila. Eftirtaldir aðilar eiga meira en 10% af stofnfé í árslok 2013:

Ríkissjóður Íslands.....	49,5%
Fjarðabyggð.....	22,4%

Stjórn sparisjóðsins leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til stofnfjáreigenda á árinu 2014 sem nemur eftirstæðum hagnaði ársins 2013 eftir að tap sjóðsins frá fyrri árum hefur verið að fullu jafnað. Stjórn sparisjóðsins leggur jafnframt til við aðalfund að nýtt verði heimild í lögum til þess að verja arði til stofnfjáreigenda til hækkunar á nafnverði stofnfjárluta í sparisjóðnum. Um aðrar breytingar á eiginfjárraikningum er vísað til ársreikningsins.

Framtíðarhorfur í rekstri sparisjóðsins

Hagræðingaraðgerðir sem í var ráðist í upphafi árs 2012 og fólust m.a. í lokun á afgreiðslunni á Reyðarfirði, eru að fullu komnar fram í rekstri ársins 2013. Umhverfið er um margt erfitt smáum fjármálafyrirtækjum og því mikilvægt að gæta aðhalds í rekstri jafnframt því að byggja sjóðinn upp til framtíðar. Opinberar álögur sem hafa verið mjög íþyngjandi á undanförunum árum munu þó lækka örlítið, má þar nefna fjársýsluskatt sem fer úr 6,75% á laun á árinu 2013 niður í 5,5% á árinu 2014 og skatt á skuldir fjármálafyrirtækja sem var 0,1285% á árinu 2012 fellur út á árinu 2013 hjá smærri fjármálafyrirtækjum. Á árinu 2013 jukust útlán um 15,7% sem er jákvæð þróun þar sem laust fé er töluvert og styrkir þetta rekstur sjóðsins. Rekstrarniðurstaða ársins 2013 og áætlun fyrir árið 2014 sýna að kominn er traustari grundvöllur fyrir rekstur sjóðsins.

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2013 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2013.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.


Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Fjarðabyggð, 19. mars 2014

Stjórn:


Regína F. Guðna

Sparisjóðsstjóri:


Halkei Þórnýsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Norðfjarðar ses

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum einnig í samræmi við ákvæði 106. gr. laga nr. 3 2006 um ársreikninga að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 19. mars 2014

Enor ehf.



Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		89.972	24.072
Vaxtatekjur af útlánum		293.933	297.575
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		7.685	59.160
		391.590	380.807
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af innlánum		192.428	205.493
Vaxtagjöld af lántöku		5.632	7.234
		198.060	212.727
Hreinar vaxtatekjur		193.530	168.080
Aðrar rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		39.037	37.706
Þjónustugjöld		(10.213)	(9.828)
Gengishagnaður	3	29.347	10.023
Ýmsar aðrar rekstrartekjur	3	21.167	36.096
		79.339	73.997
Hreinar rekstrartekjur		272.869	242.077
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	67.443	77.250
Annar rekstrarkostnaður		111.248	110.727
Afskriftir	10	3.519	2.881
		182.210	190.858
Framlög í afskriftareikning útlána	7	(24.001)	(21.357)
Hagnaður fyrir skatta		66.658	29.862
Tekjuskattur	9	(14.774)	(4.628)
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja		0	(6.018)
		(14.774)	(10.647)
Hagnaður ársins		51.885	19.215

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Sjóður		31.315	19.180
Innstæðubréf og aðrar kröfur á Seðlabanka Íslands	6	1.454.326	1.200.053
Kröfur á lánastofnanir	6	361.436	412.116
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals		1.847.078	1.631.350
Útlán			
Útlán til viðskiptamanna	7	2.972.555	2.568.135
Fullnustueignir		85.000	101.050
Útlán samtals		3.057.555	2.669.185
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		77.829	656.650
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	8	46.897	38.504
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals		124.727	695.155
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	10	86.370	96.491
Skatteign	9	125.022	139.796
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		16.642	9.914
Aðrar eignir samtals		228.034	246.201
Eignir samtals		5.257.394	5.241.890

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eigið fé og skuldir			
Innlán			
Óbundin innlán		2.028.179	2.023.423
Bundin innlán	11	2.422.269	2.424.075
Innlán samtals		4.450.448	4.447.498
Aðrar skuldir			
Lántaka	12	88.525	124.428
Aðrar skuldir		68.950	72.377
Aðrar skuldir samtals		157.474	196.805
Eigið fé	13		
Stofnfé		625.799	625.799
Varasjóður		23.673	(28.212)
Eigið fé samtals		649.472	597.587
Eigið fé og skuldir samtals		5.257.394	5.241.890
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	16		
Aðrar upplýsingar	16 - 19		

Sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		51.885	19.215
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar		(43.356)	32.333
Framlag í afskriftareikning útlána	7	24.001	21.357
Tekjuskattsinneign, breyting	9	14.774	4.532
Aðrir liðir		145	(21.495)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(10.155)	(25.181)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		37.293	30.761
 Fjárfestingahreyfingar			
Kröfur á lánastofnanir, breyting		(1.309)	33.802
Útlán, breyting		(342.785)	146.087
Markaðsskuldabréf, breyting		608.940	1.126.831
Fjárfestingarhlutabréf, breyting		0	(1.222)
Kaupverð / söluverð rekstrarfjármuna	10	10.031	32.735
Fjárfestingahreyfingar samtals		274.876	1.338.233
 Fjármögnunarhreyfingar			
Innlán, breyting		(71.508)	(89.542)
Lántaka, breyting		(26.187)	(6.095)
Fjármögnunarhreyfingar samtals		(97.695)	(95.637)
 Breyting á handbæru fé			
		214.474	1.273.358
Handbært fé í byrjun árs		1.605.105	331.747
Handbært fé í árslok		1.819.579	1.605.105

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Norðfjarðar ses. Heimilisfang sparisjóðsins er að Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Stjórn sparisjóðsins staðfesti ársreikninginn 19. mars 2014.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

Breytingar á framsetningu

Í ársreikningi 2012 var framsetningu breytt til samræmis við framsetningu þeirra fjármálafyrirtækja sem gera ársreikning í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Framsetningu er nú breytt aftur til fyrra horfs en breytingin hefur engin áhrif á afkomu eða eigið fé sparisjóðsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir af öðrum fjármálafyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau þjónustugjöld eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn að því marki sem talið er að hún muni nýtast. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi sjóðsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildarskuldir skattskylds aðila í lok tekjuárs, en skattskyldan hvílir á viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánnum. Með lögum nr. 139/2013 voru aðilar með skattstofn vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki undir 50 milljörðum króna undanþegnir skattinum. Sjóðurinn er undir þessum mörkum og mun því ekki greiða sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki við álagningu 2014 vegna ársins 2013.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

Fjársýsluskattur

Sparisjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstri sjóðsins.

Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun þann 31.12.2013. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2014 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2013.

Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánunum í efnahagsreikningi.

Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur leyst til sín eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu gangvirði í reikningi sparisjóðsins.

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt annarsvegar í skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum, og hinsvegar í hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum. Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði í árslok. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	45 ár
Innréttingar og húsbúnaður	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3 - 5 ár

Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Innlán

Innlán eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun þann 31.12.2013. Verðtryggð innlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2014 og gengistryggð innlán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2013.

Lántaka

Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frádregnum viðskiptakostnaði. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í erlendum myntum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu nr. 13.

Skýringar

3. Aðrar rekstrartekjur

Gengishagnaður (tap) greinist þannig:	2013	2012
Veltuskuldabréf	33.368	11.862
Veltu- og fjárfestingarhlutabréf	8.481	7.103
Gjaldeyrstengdar eignir og skuldir	(12.502)	(8.942)
Samtals	29.347	10.023

Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

Húsaleiga	15.837	12.992
Aðrar tekjur	5.330	23.104
Samtals	21.167	36.096

4. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2013	2012
Laun	50.623	58.734
Launatengd gjöld	16.819	18.516
Laun og launatengd gjöld samtals	67.443	77.250

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

Fjöldi starfsmanna að meðaltali	7,3	8,0
Stöðugildi í árslok	6,0	6,0

5. Þóknun endurskoðenda

	2013	2012
Endurskoðun ársreiknings	4.455	3.059
Innri endurskoðun	2.236	3.895
Önnur þjónusta	2.375	3.581
Samtals	9.066	10.535

6. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:	31.12 2013	31.12 2012
Gjaldkræfar kröfur	338.264	385.980
Allt að 3 mánuðir	1.450.000	1.200.000
Bundnar kröfur skv. reglum um bindiskyldu	27.499	26.189
Samtals	1.815.763	1.612.169

Skýringar

7. Útlán

	<u>31.12 2013</u>	<u>31.12 2012</u>
Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:		
Yfirdráttarlán	749.743	537.700
Skuldabréf	2.222.811	2.030.435
Samtals	<u>2.972.555</u>	<u>2.568.135</u>

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Ríki og sveitarfélög	0,1%	0,2%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður	0,0%	0,5%
Sjávarútvegur	12,1%	9,6%
Verslun	4,0%	4,6%
Iðnaður og verktakar	4,2%	5,6%
Þjónusta	19,2%	18,4%
Einstaklingar	60,4%	61,1%
Samtals	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf útlán	110.512	171.571
Allt að 3 mánuðir	367.681	241.069
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	409.291	264.587
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	732.220	684.806
Yfir 5 ár	1.352.851	1.206.102
Samtals	<u>2.972.555</u>	<u>2.568.135</u>

Fullnustueignir greinast þannig:

Fasteignir	80.500	94.300
Tilbúnar lóðir	4.500	6.750
	<u>85.000</u>	<u>101.050</u>

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinist þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	418.493	566.410
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(113.333)	(162.919)
Önnur vaxtalaus útlán	38.444	51.952
Óvaxtaberandi útlán samtals	<u>343.604</u>	<u>455.443</u>

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur		31.12 2013	31.12 2012
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur í upphafi ársins	162.919	53.227	216.146	227.269
Framlag í afskriftareikning á árinu	14.775	9.225	24.001	21.357
Endanlega töpuð útlán	(65.286)		(65.286)	(32.480)
Innkomið áður afskrifað	925		925	0
Afskriftareikningur útlána í lok ársins	<u>113.333</u>	<u>62.452</u>	<u>175.785</u>	<u>216.146</u>

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum

3,5%	1,9%	5,4%	7,6%
------	------	------	------

Skýringar

8. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	31.12 2013	31.12 2012
Skráð bréf	39.159	615.710
Óskráð bréf	38.671	40.941
	<u>77.829</u>	<u>656.651</u>

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Skráð hlutabréf	10.983	9.643
Óskráð hlutabréf	35.914	28.861
	<u>46.897</u>	<u>38.504</u>

Hlutabréf greinast þannig í árslok:

	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Atorka Group	0	3.447	3.447
Auðkenni	0	230	236
Borgun hf.	0	1.429	7.100
Eimskipafélag Íslands	88	42	10.983
Fjölgreiðslumiðlun	0	27	27
Reiknistofa Bankanna	0	4.830	4.830
Sparisjóður Vestmannaeyja	0	4.768	4.768
Teris	0	14.781	14.781
Uppspretta	0	100	725
Fjárfestingarhlutabréf, samtals	<u>88</u>		<u>46.897</u>

9. Reiknuð skatteign

Breytingar skatteignar á árinu greinast þannig:

	2013	2012
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	139.796	144.328
Breyting skatteignar á árinu 2013	(14.774)	(4.532)
Reiknuð skatteign í lok ársins	<u>125.022</u>	<u>139.796</u>

Reiknuð skatteign skiptist þannig á eftirfarandi liði:

Útlán	35.157	42.837
Gjaldmiðlagengismunur	2.263	789
Rekstrarfjármunir	(1.720)	(2.138)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	89.322	98.309
Reiknuð skatteign í árslok	<u>125.022</u>	<u>139.796</u>

Skýringar

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Stofnverð í upphafi árs	144.035	39.816	183.852
Eignfært á árinu	0	1.599	1.599
Selt og niðurlagt á árinu	(9.900)	0	(9.900)
Stofnverð þann 31.12 2013	134.135	41.415	175.551
Afskrifað áður	51.526	35.835	87.361
Afskrifað á árinu	2.683	837	3.519
Selt og niðurlagt á árinu	(1.700)	0	(1.700)
Afskrifað samtals	52.509	36.671	89.181
Bókfært verð þann 31.12 2013	81.626	4.744	86.370
Afskriftarhlutföll	2%	20-33%	

Fasteignamat húseigna og lóða, þar með talið fullnustueigna, nam í lok ársins 163 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 492,9 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 44,8 millj. kr. þann 31.12 2013.

11. Innlán

Bundin innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	31.12 2013	31.12 2012
Allt að 3 mánuðir	583.075	507.444
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	503.068	710.649
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	919.231	808.142
Yfir 5 ár	416.895	397.841
Samtals	2.422.269	2.424.075

12. Lántaka

Lántaka Sparisjóðsins er í formi víkjandi láns frá Seðlabanka Íslands og koma 25,3 millj. kr. til greiðslu innan árs frá uppgjörstími.

	31.12 2013	31.12 2012
Gengistryggt lán, vextir 3 m Libor + 5%, fjórir gjalddagar á ári, lokagjalddagi 2017	88.525	124.428

Skýringar

13. Eigið fé

Stofnfé

Stofnfé sparisjóðsins nemur 625,8 millj. kr. og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Stofnfé sjóðsins var í árslok í eigu 86 aðila.

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	625.799	(28.212)	597.587
Hagnaður (tap) ársins		51.885	51.885
Eigið fé í árslok	625.799	23.673	649.472

Eigið fé í lok ársins nemur 649,5 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 19,25% .

Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12 2013	31.12 2012
Heildar eigið fé	649.472	597.587
Skatteign	(125.022)	(139.796)
Víkjandi lán	33.197	59.103
Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum	(11.868)	(8.262)
Eiginfjárgrunnur samtals	545.778	508.632

Heildar eiginfjárrkrafa skiptist þannig:

Útlánaáhætta	185.183	158.209
Markaðsáhætta	11.004	32.395
Rekstraráhætta	30.656	28.700
Eiginfjárrkrafa	226.843	219.304
Eiginfjárlutfall	19,25%	18,55%

14. Veðsetning eigna

Sparisjóðurinn hefur sett eignir að veði í venjulegum bankaviðskiptum að fjárhæð 66,7 millj. kr. í árslok 2013 til þess að tryggja uppgjör í íslenska greiðslukerfinu. Um er að ræða ríkistryggð markaðsverðbréf og bundin innlán hjá lánastofnunum. Aðrar eignir sparisjóðsins eru óveðsettar.

15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru stjórn sparisjóðsins, lykilstjórnendur og stofnfjareigendur sem eiga yfir 10% af stofnfé og félög tengd framangreindum aðilum.

	31.12 2013	31.12 2012
Útlán	33.364	67.869
Innlán	205.627	145.239

Vaxtakjör útlána og innlána tengdra aðila eru sambærileg við vaxtakjör annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

Skýringar

15. Tengdir aðilar frh.

Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

Sparisjóðsstjóri	15.902	15.013
Stjórnarformaður	1.800	1.590
Aðrir stjórnarmenn (5)	3.825	3.300
Samtals	<u>21.527</u>	<u>19.903</u>

16. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og aðrar upplýsingar

Ábyrgðir og ónotaðar yfirdráttarheimildir

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	<u>31.12 2013</u>	<u>31.12 2012</u>
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	84.868	42.192
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	214.699	211.941

Tryggingarsjóður innstæðueigenda

Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Greiðslur sparisjóðsins til Tryggingasjóðs nema 11,6 millj. vegna ársins 2013.

Samfélagsstyrkir

Samkvæmt 15. gr. samþykktu Sparisjóðs Norðfjarðar skal sparisjóðurinn ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu í samræmi við ákvæði gildandi laga um fjármálafyrirtæki.

Úthlutun vegna rekstrarársins 2012 nam kr. 1,8 millj. og skiptist þannig:

Íþóttafélagið Þróttur á 90 ára afmælisári	400
Leikfélagið Djúpið Verkmennaskóli Austurlands	300
Hollvinasamtök Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað	250
Neistaflug Neskaupstað	150
Kvf. Nanna mæðrastyrksnefnd	125
Velferðasjóður Fjarðabyggðar	125
Ungmennafélagið Austri	100
Ungmennafélagið Leiknir	100
Ungmennafélagið Súlan	100
Ungmennafélagið Valur	100
Franskir dagar Fáskrúðsfirði	50
	<u>1.800</u>

Gjaldfært hefur verið áætlað framlag vegna ársins 2013 að fjárhæð kr. 3,5 millj. Samfélagsstyrkir eru færðir meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi.

Skýringar

17. Áhættustýring og eftirlit

Starfsemi sparisjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu og áhættuþætti sem geta haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag sjóðsins. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta, markaðsáhætta, vaxtaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Áhættustýring sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Starfsmenn sjóðsins framkvæma eftirlitsaðgerðir og sinna skýrslugerð varðandi mismunandi áhættuþætti. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á daglegri framkvæmd áhættustýringar samkvæmt umboði frá stjórn.

Útlánaáhætta:

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána til viðskiptamanna sjóðsins og felst hættan í því að viðskiptamenn sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sjóðurinn er einnig opinn fyrir útlána eða mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýtttra yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Stjórn setur útlánareglur og ákveður lánastefnu sjóðsins. Stjórn ákveður einnig útlánaheimildir sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna sjóðsins. Stjórn tekur ákvarðanir um lánveitingar sem eru umfram útlánaheimildir sparisjóðsstjóra.

Sjóðurinn hefur lagt áherslu á að bæta gæði útlána og betri útlánadreifingu. Lánaferlar sjóðsins eru til stöðugrar skoðunar og áhersla er á að bæta gagnasöfnun, skjalagerð og skráningu.

Lausafjáraáhætta:

Í lausafjáraáhættu felst hættan á því að sparisjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lausafjárstýring sjóðsins felst í greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til þess að hægt sé að endurgreiða allar skuldir á gjalddaga og til að tryggja að sjóðurinn hafi ávallt nægt laust fé til þess að geta mætt bæði fyrirjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Markaðsáhætta:

Í markaðsáhættu felst hættan á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á markaðsvirði fjáreigna og fjárskulda. Markaðsáhættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði.

Vaxtaáhætta:

Í vaxtaáhættu felst áhætta vegna vaxtasveiflna á markaði og mismunandi binditíma vaxtaberandi eigna og skulda. Sjóðurinn stefnir ávallt að því að hámarka nettó vaxtatekjur að teknu tilliti til settra áhættuviðmiða.

Sjóðurinn stendur frammi fyrir áhættu vegna verðbólgu þar sem hluti eigna og skulda er tengdur vísitölu neysluverðs.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam í árslok 2013 kr. 2.073 millj. og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam kr. 2.574 millj. á sama tíma.

Gjaldeyrisáhætta:

Í gjaldeyrisáhættu felst hættan á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á gengi erlendra gjaldmiðla. Sjóðurinn fylgist vel með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt og stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu þannig að jafnaði sé jafnvægi milli eigna og skulda í erlendum myntum. Sjóðurinn hefur þó heimildir til þess að víkja frá þeirri stefnu enda séu þau frávik innan marka sem sett eru í reglum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam í árslok 2013 kr. 187,7 millj. og heildarfjárhæð skulda í erlendum gjaldmiðlum nam kr. 159,5 millj. á sama tíma.

Skýringar

18. Erlendir lánasamningar

Einn lántaki með lán í erlendri mynt stefndi sparisjóðnum til að fá úrskurð um hvort um löglegt lán væri að ræða. Í desember 2012 dæmdi Héraðsdómur Austurlands umrætt lán lögmætt. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu stefnanda og staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms í október 2013 með dómi nr. 194/2013. Sparisjóðurinn hefur áður brugðist við dómum um lán í erlendum myntum og breytt í lán í íslenskum krónum.

19. Stjórnarháttayfirlýsing

Sparisjóður Norðfjarðar fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og þeim lagalegum skyldum sem á sjóðinn eru lagðar, samþykktum, reglum og samningum.

Hér að neðan er að finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttar sparisjóðsins og er í kaflaheitum stuðst við 4. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja að því marki sem við á. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands.

Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem sparisjóðurinn fylgir

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn hefur sett sér starfsreglur með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem taka m.a. til verkskiptingar sparisjóðsstjórnar og sparissjóðsstjóra.

Meginefni starfsreglna sparisjóðsins varðar:

1. Framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra
2. Sérstakt hæfi stjórnarmanna til stjórnarstarfa
3. Meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn
4. Setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfélaga og hlutdeildarféлага
5. Framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna
6. Ákvarðanir um fjárfestingar sparisjóðsins

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sparisjóðsins eins og lög gera ráð fyrir. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi sparisjóða má nálgast á heimasíðu fjármálaeftirlitsins.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu sparisjóðsins

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Nánari upplýsingar um innra eftirlit og áhættustýringu hjá sjóðnum má finna í skýringu 17.

Gildi sparisjóðsins, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Samfélagslegt hlutverk sjóðsins samkvæmt 1. mgr. 61. gr. sbr. 63. gr. laga nr. 161/2002 er að vera mikilvæg þjónustu- og fjármálastofnun á sínu nærsvæði þannig að íbúar þess geti stundað eðlileg viðskipti við sparisjóð í sinni heimabyggð og nærsamfélagi. Með skilvirkni í rekstri og ábyrgri stjórnun mun það samfélag sem er á starfssvæði sjóðsins skv. skilgreiningu 61. gr. laga nr. 161/2002, njóta tilvistar sjóðsins þar sem hann miðlar fjármagni á milli fyrirtækja og einstaklinga.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, sparisjóðsstjóra og undirnefnda stjórnar

Stjórn sparisjóðsins skipa fimm menn, kjörnir af stofnfjáreigendum. Kjörnir skulu 2 varamenn með sama hætti. Minnst helmingur stjórnarmanna skal búsettur hér á landi sbr. þó 2. máls. 2.mgr. 66.gr. laga nr. 2/1995. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002. Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðalfundar.

Sparisjóðsstjórn kýs sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundi eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda og skulu þeir haldnir eftir þörfum. Í upphafi starfsárs leggur stjórn fram starfsáætlun fyrir árið og samþykkir hana. Samkvæmt henni eru stjórnarfundir að jafnaði einu sinni í mánuði eða oftar telji stjórn ástæðu til. Fund skal jafnan halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða sparisjóðsstjóri telur þess þörf. Fundur stjórnar er því aðeins lögmætur að a.m.k. þrjú stjórnarmenn sitji hann. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Sé fundur eigi fullskipaður þarf samþykki þriggja til gildirar ályktunar. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Þær ákvarðanir sem teknar eru á fundum sparisjóðsstjórnar, skulu bókaðar í sérstaka gerðabók og fundargerðir staðfestar með undirritun viðstaddra stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra.

Skýringar

19. Stjórnarháttayfirlýsing (frh)

Stjórn sparisjóðsins skipa:

Jón Einar Marteinsson stjórnarformaður, Hákon Björnsson, Jón Björn Hákonarson, Jóna Árný Þórðardóttir og Regína Fanný Guðmundsdóttir.

Varamenn: Jón Sveinsson og Valdimar O. Hermannsson

Sparisjóðsstjóri sem uppfylla skal hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og vera búsettur hér á landi hefur með höndum framkvæmdastjórn sparisjóðsins og ber ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum skv. lögum, samþykktum sparisjóðsins og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar.

Stjórn sparisjóðsins metur þörf fyrir stofnun undirnefnda. Undirnefndir starfa í umboði stjórnar og ber stjórn sparisjóðsins ábyrgð á skipun og störfum undirnefnda.

Stjórn sparisjóðsins skipaði fyrst í endurskoðunarnefnd haustið 2009 og þann 24.02.2010 setti stjórn nefndinni erindisbréf. Nú skipa nefndina Jóna Árný Þórðardóttir sem er formaður og situr jafnframt í stjórn sjóðsins, Sigríður Guðmundsdóttir og Erna Þorsteinsdóttir. Endurskoðunarnefnd sparisjóðsins er eftirlitsnefnd og gegnir því hlutverki að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu, endurskoðun ársreiknings, óhæði endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda. Auk þess skal endurskoðunarnefnd setja fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki, sbr. IX. kafla A, laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Endurskoðunarnefndin er eina undirnefnd stjórnar. Ekki eru fleiri formlegar undirnefndir skipaðar af stjórn að störfum í sparisjóðnum og ekki þykir ástæða til að skipa fleiri þar sem fjöldi starfsmanna er einungis sex og boðleiðir stuttar og verksvið hvers og eins vel skilgreint.

Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum

Núverandi stjórnarmenn eru allir óháðir sparisjóðnum og stærstu stofnfjáreigendum.

Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu sparisjóðsstjóra. Stjórn skal yfirfara og meta þróun sparisjóðsins og hvort hún sé í samræmi við markmið sjóðsins.

Upplýsingar um sparisjóðsstjóra

Stjórn ræður sparisjóðsstjóra og veitir honum lausn, setur honum erindisbréf með skilgreiningu á starfssviði og ábyrgð. Ákveður honum laun og önnur ráðningarkjör. Daglegur rekstur er í höndum sparisjóðsstjóra, skrifstofustjóri sparisjóðsins er honum til aðstoðar og leysir hann af í sumarleyfum. Í IV. kafla reglna Sparisjóðs Norðfjarðar um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra er fjallað um "hlutverk og skyldur sparisjóðsstjóra". Stjórn setur Sparisjóðnum starfskjarastefnu. Sparisjóðsstjóri er Vilhjálmur G. Pálsson.

Fyrirkomulag samskipta stofnfjárhafa og stjórnar

Sparisjóðurinn birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu sjóðsins og sendir út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfseminni. Á aðalfundi sparisjóðsins er farið ítarlega yfir starfsemi sjóðsins.

